

FUNDARGERÐ

315. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fjarðaborg, Bakkagerði, miðvikudaginn 26. október 2022 kl. 17:30.

Mætt eru:

Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), er í fjarfundi.

Gestir á fundinum eru Magnús Jónsson (MJ), endurskoðandi KPMG, í fjarfundi.

Gestir á fundinum (að hluta) eru: Þorsteinn B. Ragnarsson, (HEF)

Finnur Þorsteinsson, (HEF)

Jón Þórðarson, (Múlaþing)

Björn Skúlason, (Múlaþing)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Árshlutauppgjör 2022 – 8 mánuðir til staðfestingar
 - 2 Útkomuspá 2022
 - 3 Gjaldskrár 2023 – tillögur að breytingum
 - 4 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
 - 5 Önnur mál
 - a. Heimsóknir á starfsstöðvar, Borgarfjörður
 - b. Möguleikar á neysluvatnsöflun fyrir Seyðisfjörð - minnisblað
-

1 Árshlutauppgjör 2022 – 8 mánuðir til staðfestingar

Fyrir liggur 8 mánaða uppgjör HEF veitna. Árshlutauppgjör 2022 lagt fram og staðfest með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

MJ þökkuað góð yfirferð og svör.

2 Útkomuspá 2022

Fyrir fundinum lá útkomuspá, framreiknuð frá 8 mánaða uppgjöri með fyrirséðum viðbótum september – desember 2022. Stjórn staðfestir útkomuspá 2022.

MJ þökkuað góð yfirferð og svör og yfirgaf hann fundinn 18:10

3 Gjaldskrár 2023 – tillögur að breytingum

Farið yfir tillögur að gjaldskrá ársins 2023.

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 10% frá og með næstu áramótum.

Byggingavísitalan stefnir í hækkun upp á um 10% á árinu. Ljóst er að gjaldskrá hitaveitu hefur dregist aftur úr verðlagsþróun á síðustu árum en þann mun má að miklu leyti rekja til þess að

Það láðist að senda inn til ráðuneytis og fá samþykki ráðherra í tæka tíð fyrir hækkun gjaldskrár fyrir árið 2019.

Vatnsveita:

Samþykkt að hækka vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) aðeins um 3,5% frá og með næstu áramótum. Ekki er talin þörf á frekari hækkun þar sem ekki eru fram undan fjárfrek verkefni hjá vatnsveitunni. Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 9. gr.

Fráveita:

Samþykkt að fráveitugjald verði óbreytt í 0,35 % af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda við fráveituhreinsun og aukinna krafna til fráveitu. Önnur gjöld fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4.mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

Gagnaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá gagnaveitu um 15% frá og með 1. janúar 2023, enda sé það í takti við verðþróun á markaði, en gjaldskrá hefur ekki breyst frá stofnun veitunnar.

4 Fjárfestingaáætlun - endurskoðun

Áætlun er í vinnslu. Stefnt að afgreiðslu á næsta fundi stjórnar, í nóvember.

5 Önnur mál

a. Heimsóknir á starfsstöðvar, Borgarfjörður

Fyrir fund heimsótti stjórn auk starfsmanna helstu mannvirki veitunnar á Borgarfirði s.s. vatnstank, hreinsivirki fráveitu við Svínalæk auk þess að framkvæmdir við endurnýjun stofnlagningar vatnsveitu frá rafstöð að Svínalæk voru skoðaðar. Að lokum var Hafnarhúsið skoðað.

b. Möguleikar á neysluvatnsöflun fyrir Seyðisfjörð - minnisblað

Helgi Ómar fór yfir minnisblað sitt um möguleika á vatnsöflun á Seyðifirði. Í minnisblaðinu komu fram möguleikar á vatnsöflun úr væntanlegum Fjarðarheiðargöngum. Framkvæmdastjóra falið að taka málið upp við Vegagerðina í samræmi við umræður á fundinum.

Stjórn þakkar Helga fyrir erindið og góða samantekt.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

